

Borgarráð Reykjavíkur  
b.t. Ólafar Magnúsdóttur  
Skrifstofu borgarstjórnar  
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

11. febrúar 2019

**BORGARRÁÐ 17. janúar 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um sölu bifreiða í eigu Félagsbústaða - R19010256**

Fram kemur í fyrirspurninni að Félagsbústaðir hafi þann 19. september s.l. selt bifreiðar í eigu félagsins til Helga Bjarna Birgissonar. Spurt er hvort það sé hlutverk Félagsbústaða að selja bifreiðar og ef svo sé hvað reglur gildi um það og hvort bifreiðarnar hafi farið í faglegt söluferli á bílasölu. Spurt er hver Helgi Bjarni Birgisson sé og hvort hann tengist Félagsbústöðum á einhvern hátt og hvert hafi verið söluverð bifreiðanna OZ-704, US – 391, AE-308, VI-J28, allir af gerðinni Honda Jazz og RI-484, Toyota Yaris?

**Svar:** Vegna fyrirspurnar um sölu Félagsbústaða á notuðum bílum í september 2018 skal staðfest að gengið var frá sölu nokkurra bíla sem verið höfðu í notkun Félagsbústaða um langt árabíll. Um var að ræða 6 smábíla, sem voru 11 til 13 ára gamlir og eknir frá 108 þúsund til tæplega 160 þúsund kílómetra og flestir í döpru ástandi. Fimm þessara bíla voru af gerðinni Honda Jazz en einn af gerðinni Toyota Yaris. Að mati bílasala sem Félagsbústaðir leituðu til hefðu þessir bílar verið þungir í sölu vegna aldurs og ástands og taldi hann að fá mætti í hæsta lagi um 150 þús. kr. staðgreitt fyrir hvern Hondu bíl en eitthvað meira fyrir Toyotuna. Sölulaun fyrir hvern bíl hefðu verið 63.500 krónur.

Vegna þessa var þess freistað að auglýsa eftir tilboðum í bílana í Fréttablaðinu og á vef Félagsbústaða laugardaginn 18. ágúst 2018. Þegar þessar auglýsingar báru ekki árangur var sendur tölvupóstur á starfsmenn Félagsbústaða og þeim boðið að gera tilboð í bílana. Mánuði síðar voru fimm þeirra seldir starfsmanni Félagsbústaða fyrir samtals 600 þúsund krónur og sá sjötti seldur dóttur annars starfsmanns fyrir 180 þúsund krónur. Samanlagt fengust því 780 þúsund krónur fyrir bílana með þessu móti sem er svipað eða heldur meira en vænta mátti samkvæmt upplýsingum sem fyrir lágu og að teknu tilliti til sölulauna. Það er hins vegar með öllu óvíst hvort eða hvernig hefði tekist að selja bílana.

Félagsbústaðir eiga nú 13 bifreiðar. Um er að ræða tvo sendibíla í umsjá búslóðageymslu, fjóra nýja Renault Kangoo smásendibíla og þrjá nýja Renault Zoe fólksbíla í umsjá framkvæmdadeildar, einn nýjan Renault Zoe í umsjá þjónustudeildar og einn Kia Soul í umsjá fasteignapróunar. Að auki eiga Félagsbústaðir tvo gamla Honda Jazz og senn verður annar þeirra settur í sölu.

Hluti nýju bílanna var keyptur af innkaupadeild Reykjavíkurborgar að undangengnu útboði á vef Reykjavíkurborgar en hluti eftir verðkönnun hjá umboðum sem buðu bíla sem uppfylltu kröfur Félagsbústaða.

Félagsbústaðir hafa nýlega samþykkt innkaupastefnu og er unnið að mótun innkaupareglna í samráði við Reykjavíkurborg. Framvegis er stefnt að því að öll bifreiðakaup verði boðin út og bílar seldir á almennum markaði.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri